


Viðhorfs- og kjarakönnun á félagsfólki STF

Ítarleg könnun var framkvæmd árið 2002 sem stóð frá 14. nóvember 2022 til 15. janúar 2023. Könnunin var send á félagsfólk stéttarféлага. Úrtakið samanstóð af 2604 einstaklingum og voru 1190 sem tóku þátt og var því svarhlutfall 46%. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður. Framkvæmdaraðili var rannsóknarfyrirtækið Prósent.

Samantekt á niðurstöðum og þróun frá árinu 2020

Um 19% félagsmanna eru ekki með skriflegan ráðningarsamning


Hærra hlutfall mælist nú á meðal félagsmanna sem eru með ótímabundinn skriflegan ráðningarsamning. Hlutfallið var 70% árið 2020 en fór núna upp í 76% fyrir árið 2022. Svipuð hlutföll eða 6% eru með tímabundinn samning en var 7% árið 2020. Í dag eru um 19% stjórnenda samt sem áður ekki með skriflegan ráðningarsamning en það hlutfall lækkar sem var 23% árið 2020.



Mynd 1. Hlutfall félagsmanna sem eru með ráðningarsamninga.

Um 74% félagsmanna eru með formlega starfslýsingu á starfi sínu


Um 74% félagsmanna eru núna komnir með formlega starfslýsingu á starfi sínu og hækkar um 6% á milli tímabila. Þetta táknar samt að 26% félagsmanna eru ekki enn komnir með formlega starfslýsingu.



Mynd 2. Hlutfall félagsmanna með formlega starfslýsingu.

83% félagsmanna vinna dagvinnu


Svipað hlutfall félagsmanna vinna dagvinnu á meðan um 10% vinna bæði dag- og vaktavinnu og 8% vaktavinnu.



Mynd 3. Dag- og vaktvinna félagsmanna.

69% félagsmanna eru með mannaforráð


Svipað hlutfall félagsmanna eru með mannaforráð og árið 2020 eða 69%.



Mynd 4. Dag- og vaktvinna félagsmanna.

41% félagsmanna fá greidda yfirvinnu að fullu eða að hluta til


Svipuð þróun á er á milli tímabíla þegar kemur að greiðslu vegna yfirvinnu. Hjá 43% félagsmönnum er yfirvinna innifalin í launum á meðan 5% taka yfirvinnu út í fríi.



Mynd 5. Fyrirkomulag yfirvinnu hjá félagsmönnum.

Fyrirkomulag launagreiðslna


Um 43% félagsmanna eru með fastlaunasamning eða pakkalaun. Um 29% eru með grunnlaun með aukagreiðslum, 14% á tímakaupi, 12% með grunnlaun og 2% með annars konar fyrirkomulag.



Mynd 6. Fyrirkomulag launagreiðslna hjá félagsmönnum.

45 vinnustundir á viku að meðaltali


Félagsmenn vinna að meðaltali 45 vinnustundir á viku sem er vel fyrir ofan almenna vinnutíma. Það jákvæða er þó að meðaltalið var 46 vinnustundir á viku árið 2022. Um 36% félagsmanna vinna meira en 46 klukkustundir á viku.



Mynd 7. Fjöldi vinnustunda á viku.

Grunnlaun


Meðalgrunnlaun félagsmanna í fullu starfi fyrir októbermánuð árið 2022 voru 788.509 kr. Árið 2020 voru meðalgrunnlaun 682.637. Helmingur félagsmanna eru með 750.000 krónur eða hærra í grunnlaun.



Mynd 8. Grunnlaun félagsmanna.

Heildarlaun


Meðalheildarlaun félagsmanna í fullu starfi fyrir októbermánuð árið 2022 voru 913.788 kr. Árið 2020 voru meðalheildarlaun félagsmanna 799.190. 70% félagsmanna eru með 750.000 krónur eða hærra í laun á mánuði.



Mynd 9. Heildarlaun félagsmanna.

52% félagsmanna eru sáttir með launin


Færri eru sáttir með launin sín miðað við árið 2020 en þá voru 57% sáttir en núna 52%. 21% félagsmanna eru ósáttir með launin sín í ár.



Mynd 10. Afstaða félagsmanna til launa.

Félagsmenn vilja 18% hærra laun en í fyrra


Félagsmenn óska eftir því að heildarlaun verði að meðaltali um 1.075.000. Þetta er um 162 þúsund króna hækkun frá meðaltali heildarlauna eða um 18% hækkun. Árið 2020 var meðaltalið um 914.000 sem er nánast á pari miðað við heildarlaunin fyrir árið 2022.



Mynd 11. Ósk um heildarlaun.

Ánægja með þjónustu stjórnendafélaga


Um 72% félagsmanna eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu stjórnendafélaga og einungis 3% eru óánægðir. Meðaleinkunn allra stjórnendafélaga er 4.0 af 5.0 mögulegum. Einkunn er svipuð og var árið 2020.



Mynd 12. Ánægja með stéttarfélögin.

Ánægja í starfi


Starfsánægja félagsmanna fær 4.0 af 5.0 mögulegum og var svipuð árið 2020 eða 4.1. Um 81% eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir í starfi en 5% eru mjög óánægðir eða frekar óánægðir.



Mynd 13. Starfsánægja félagsmanna.

Starfsöryggi eykst


Þegar kemur að starfsöryggi félagsmanna á vinnustað þá hækkar sú einkunn úr 3.9 í 4.1 á milli árána 2020 og 2022. Um 83% telja starfsöryggið sitt vera frekar mikið eða mjög mikið. 4% telja að starfsöryggið sé frekar lítið eða mjög lítið.



Mynd 14. Starfsöryggi félagsmanna á vinnustað.


89% félagsmanna segja að vinnuálag sé mikið

Svipað vinnuálag félagsmanna mælist núna og árið 2020. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að um 26% félagsmanna segja að vinnuálið sé mjög mikið.



Mynd 15. Vinnuálag félagsmanna.


Ákveðið var að kanna nánar með áhrif vinnuálags á félagsmenn og spurt fjögurra spurninga. Á mynd 15 tákna rauðu hlutarnir að eftirfarandi spurningar eiga við frekar oft, mjög oft eða alltaf. Í ljós kom að um 9% félagsmanna sögðust oftast ekki langa í vinnuna næsta dag, 19% hafa oftast áhyggjur af því að upp komi vandamál í vinnunni ekki er hægt að leysa, 23% segja að þeir séu oftast svo þreyttir að þeir eigi erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut og að lokum voru 42% félagsmanna sem segja að þeir eiga oftast erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þannig að það hafi neikvæð áhrif á frítímann.



Mynd 16. Áhrifaþættir vegna álags í vinnu.

5% eða um 130 félagsmenn hafa lent í óviðunandi hegðun á vinnustað


Kannað var hvort að félagsmenn hafi orðið fyrir óviðeigandi hegðun sem skilgreina má sem einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni á síðastliðnum 12 mánuðum á þeirra vinnustað. Svipað hlutfall er á milli tímabila þar sem 95% segjast ekki hafa lent í óviðeigandi hegðun á móti 94% árið 2020. Í báðum mælingum hafa 5% félagsmanna lent í einelti. Um 1% hafa lent í kynbundinni áreitni og 1% hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni.



Mynd 17. Hlutfall félagsmanna sem hafa lent í óviðeigandi hegðun.

9% eða um 230 félagsmenn hafa orðið vitni að óviðeigandi hegðun á vinnustað


Kannað var hvort að félagsmenn hafi orðið vitni að óviðeigandi hegðun sem skilgreina má sem einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni á síðastliðnum 12 mánuðum á þeirra vinnustað. Lægra hlutfall mælist á milli tímabila þar sem 89% segjast ekki hafa lent í óviðeigandi hegðun á mótí 87% árið 2020. 9% félagsmanna hafa orðið vitni að einelti árið 2022 sem lækkaði úr 12% árið 2020. Um 2% hafa orðið vitni að kynbundinni áreitni og 1% hafa orðið vitni að kynferðislegri áreitni, sem helst óbreytt á milli ára.



Mynd 18. Hlutfall félagsmanna sem hafa orðið vitni að óviðunandi hegðun.

Jákvæð afstaða gagnvart frekari sameiningu stéttarféлага

Þeir sem tóku afstöðu um hvort að það eigi að vera frekari sameining stéttarféлага þá eykst hlutfall þeirra sem segjast vera sammála á milli tímabila. Núna segja 82% vera sammála á meðan 18% eru á mótí. Þegar árið 2020 er skoðað voru 77% sammála en 23% ósammála.



Mynd 19. Afstaða til frekari sameininga stéttarféлага.